

Íbúafundur á Þingeyri – Öll vötn til Dýrafjarðar

11. september kl. 19.30 í Félagsheimilinu á Þingeyri



Boðað er til íbúafundar miðvikudaginn 11. september kl. 19.30 í Félagsheimilinu á Þingeyri.

Dagskrá fundarins:

1. Verkefnisstjóri fer í stuttu máli yfir stöðu verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar.
2. Markmiðasetning og framtíðarsýn, hvernig hefur tekist til?
3. Yfirferð, vangaveltur og endurgerð. Hvernig er staðan, hvað á að halda áfram með og hvað er ekki raunhæft eða hvað má fara út? Er eitthvað annað sem væri æskilegt að vinna að sem ekki er nú þegar í skjalinu?

Nú er liðið næstum eitt ár frá því að skjalið með markmiðasetningunni var unnið og tímabært að staldra við og skoða hvernig hefur gengið. Íbúar Þingeyrar og við Dýrafjörð eru hvattir til að fjölmenna. Það er mjög mikilvægt fyrir þetta verkefni að heyra sem allra flestar raddir og eiga samtál um framtíð svæðisins.

Allir velkomnir.

Fyrir hönd verkefnisstjórnar.

Agnes Arnardóttir